

6.12.2006
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
416. mál

“Vel hefur konungur alið oss því hvítt er þessum karli um hjartarætur” . Andaðist svo Þormóður Kolbrúnarskáld standandi og féll ekki fyrir en hann var látinn

Og vel ætla stjórnvöld að ala þessa þjóð. Nú liggur fyrir að ropvatnið dísæta mun flæða í enn stríðari straumum um varir, tennur, munn og maga þjóðarinnar þegar efnahagsaðgerðir stjórnvalda leiða til lækkunar á þessari vöru til þjóðarinnar. Halda mætti að kaloríusnauð sé þjóðin á leið til mikilla bardaga þar sem hár blóðsykur er forsenda mikilla afreka og dáða á vígvellinum. Nei þjóðin líður nú síst af öllu skort á hitaeyningum og mesti bardagi sem er í sjónmáli, eru slagsmálin á jólaútsölunum ef þjóðin kemst þá út úr húsi vegna offitu og depurðar af of mikilli sykurneyslu í formi sælgætis og gosdrykkja um hátíðarnar.

Tannheilsu þjóðarinnar hrakar og á meðan lækka stjórnvöld álögur á sykrað ropvatn. Er það í sorglegri mótsögn við staðreyndir um heilsufar, forvarnir og viðhorf heilbrigðisstétta. Tannlæknar hafa ekki verið beðnir að gefa álit sitt á tillögum stjórnvalda. En enginn, sem lætur sig einhverju skipta vaxandi glerungseyðingar á fallegum fullorðinstönnnum barna okkar, getur látið málið fram hjá sér fara.

Undirritaður hvetur þingmenn til að koma í veg fyrir þessa atlögu að heilsu okkar. Heilsuvandir þingmenn samþykkja ekki að dísætir gosdrykkir skuli undanþegnir vörugjöldum um leið og virðisaukaskattstig þeirrar vöru er lækkað. Gangi þetta óbreytt eftir tákna það aðeins eitt: Aukna neyslu með fleiri og fjölbreyttari og dýrari heilsufarsvandamálum. Þjóð sem tímur ekki að halda uppi almennri tannheilsugæslu verður að hafa vit til að stýra heilsuspillandi neysluvenjum út af borðum neytenda.

Nóg er nú samt!

Með kveðju
Sigurjón Benediktsson, tannlæknir MS (Oral Biology)
Auðbrekku 4
640 Húsavík